


Vegagerðin
Erlingur F. Jensson
Breiðumýri 2
800 Selfossi


Reykjavík 15. mars 2018
UST201803-233/B.S.
10.05.03

Efni: Grafningsvegur efri - bundið slitlag. Viðbragðsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 19. janúar sl. þar sem kynntar eru verklagsreglur sem viðhafðar verða við lagningu bundins slitlags á Grafningsveg efri í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Hér er um nánast sömu verklagsreglur og unnið var eftir við vegagerð á Kaldadalsvegi árið 2016. Umhverfisstofnun kynnti sér þær reglur og gerði ekki athugasemdir. Umhverfisstofnun telur að við þá framkvæmd sem hér um ræðir ætti að gera kröfur um að við efnistöku innan verndarsvæðisins verði ekki grafið niður í grunnvatn og forðast verði að vinnuvélar aki um þar sem vatn stendur uppi. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda viðbragðsáætlun. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri